



Reykjavík, 14. september 2019
SFS2020080235
192. fundur
HG/sv/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi samráð við foreldra vegna skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi

Á 189. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hversu mörg börn eru í hverjum árgangi í Engjaskóla og Borgaskóla. Hversu mörg eru stöðugildi umsjónarkennara sem annast hvern árgang og hversu mörg stöðugildi stuðningsfulltrúa eru til aðstoðar í hverjum árgangi.

Svar:

Breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi voru samþykktar í borgarstjórn 19. nóvember 2019. Samþykkt var að tveir skólar, Borgaskóli og Engjaskóli, verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk og einn sameiginlegur nýsköpunarskóli, Víkurskóli, verði fyrir nemendur á unglingastigi í 8.- 10. bekk. Tvö frístundaheimili, Brosbær og Hvergiland, verði starfrækt í Borgaskóla og Engjaskóla og félagsmiðstöð í Víkurskóla fyrir unglingana. Eftirfarandi töflur sýna fjölda nemenda og fjölda stöðugilda í Borgaskóla og Engjaskóla í norðanverðum Grafarvogi.

Borgaskóli		
Árgangur	Fjöldi nemenda	Fjöldi stöðugilda umsjónarkennara
1	32	2
2	42	2,5
3	40	2,4
4	40	3
5	52	2,5
6	33	2
7	47	2
Samtals	286	16,4

Við Borgaskóla starfa fimm stuðningsfulltrúar í samtals 3,6 stöðugildum. Þeir eru hluti af stoðteymi skólans og það fer eftir einstaklingsbundnum þörfum nemenda innan hvers árgangs hvernig starf þeirra er skipulagt. Í skólanum starfa einnig list- og verkgreinakennarar og sérkennarar.

Engjaskóli		
Árgangur	Fjöldi nemenda	Fjöldi stöðugilda umsjónar- kennara
1	30	2
2	33	2
3	39	3
4	34	2
5	32	2
6	55	3
7	27	2
Samtals	250	16

Við Engjaskóla starfa fjórir stuðningsfulltrúar í samtals 2,7 stöðugildum. Það fer eftir einstaklingsbundnum þörfum nemenda innan hvers árgangs hvernig starf þeirra er skipulagt. Í skólanum starfa einnig list- og verkgreinakennarar og sérkennarar.